


# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



---

LÖG KENNARASAMBANDS ÍSLANDS ÁSAMT VINNUREGLUM  
ORLOFSSJÓÐ SJÚKRASJÓÐS OG VINNUDEILUSJÓÐS

---

## I. KAFLI NAFN OG HLUTVERK

### NAFN

#### 1. gr.

Nafn félagsins er Kennarasamband Íslands, skammstafað KÍ. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

Sambandssvæðið tekur til alls landsins og innan þess eru eftirtalin aðildarfélög:


- Félag grunnskólakennara, skammstafað FG
- Félag framhaldsskólakennara, skammstafað FF
- Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum skammstafað FT
- Skólastjórafélag Íslands, skammstafað SÍ
- Félag stjórnenda í framhaldsskólum, skammstafað FS
- Félag leikskólakennara, skammstafað FL
- Félag stjórnenda leikskóla, skammstafað FSL
- Félag kennara á eftirlaunum, skammstafað FKE

### HLUTVERK

#### 2. gr.

Hlutverk KÍ er að:

- Gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna,
- fara með samningsrétt um kaup og kjör félagsmanna,
- auka samstarf kennara og efla fag- og stéttarvitund,
- vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar/starfsþróunar félagsmanna,
- vinna að því að efla skólastarf og stuðla að framförum í uppeldis- og skólamálum,
- hafa samvinnu við önnur samtök kennara,
- hafa samvinnu við samtök annarra launamanna,
- hafa samvinnu við stofnanir og hagsmunasamtök sem vinna að skólamálum og við samtök kennaranema.



## II. KAFLI FÉLAGSAÐILD, ÚRSÖGN OG KJÖRGENGI

### RÉTTUR TIL FÉLAGSAÐILDAR

#### 3. gr.

Rétt til aðildar að KÍ eiga allir sem starfa við kennslu, stjórnun eða ráðgjöf í skólum eða vinna við stofnanir og fyrirtæki sem sinna eða tengjast kennslu og fræðslumálum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. KÍ semji fyrir viðkomandi skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða samkomulagi við viðkomandi launagreiðanda,
2. starfshlutfall þeirra sé að lágmarki 25%.

Félagssáðild kemur fram í ráðningarsamningi og/eða með skilum félagsgjalda til KÍ. Stjórn KÍ skal í samráði við viðkomandi starfsmann sambandsins ákveða félagssáðild hans að aðildarfélagi.

Ennfremur eiga rétt til aðildar að KÍ:

1. Kennarar á eftirlaunum skv. ákvæðum 5. gr. laga þessara,
2. kennarar á örorkulífeyri skv. reglum sem stjórn KÍ setur,
3. kennarar á atvinnuleysisbótum sem greiða félagsgjald,
4. kennarar í fæðingarorlofi sem greiða félagsgjald,
5. starfsmenn Kennarasambands Íslands sem greiða félagsgjald.

### HEIMILD TIL FÉLAGSAÐILDAR


#### 4. gr.

Stjórn KÍ er heimilt að veita félagsmönnum í launalauslu leyfi félagssáðild enda stundi þeir ekki aðra launaða vinnu eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Stjórn KÍ skal setja nánari reglur um félagssáðild samkvæmt þessari grein.

Þeir aðilar sem uppfylla aðildarskilyrði að KÍ en uppfylla ekki skilyrði til aðildar að ákveðnu aðildarfélagi innan KÍ geta engu að síður sótt um að gerast félagar með beinni aðild að KÍ ef þeir svo kjósa og vinnuveitandi þeirra samþykkir. Þeir njóta allra félagslegra réttinda nema seturéttar á fundum sem takmarkast við ákvörðun stjórnar KÍ og/eða viðkomandi aðildarfélags. Þeir njóta þjónustu starfsmanna þess félags sem gerir kjarasamning þann er þeir taka laun eftir sem og þjónustu annarra starfsmanna KÍ og lögmannna. Um aðild að vísinda-/endurmenntunarsjóði fer eftir kjarasamningsáðild.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### ÚRSÖGN

#### 5. gr.

Félagsaðild fellur niður ef félagsmaður hættir í því starfi sem veitti honum aðild eða greiðslur félagsgjalda falla niður. Þeir sem gerast félagar í FKE halda þó félagsaðild samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Félagsmaður getur ekki sagt sig úr Kennarasambandi Íslands eftir að ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin og þar til henni hefur verið formlega aflýst. Félagsmaður sem segir sig úr félaginu á ekki tilkall til eigna þess.

### FÉLAGSGJALD OG REIKNINGSÁR

#### 6. gr.

Félagsmenn greiða félagsgjald til Kennarasambands Íslands eftir ákvörðun þings. Launagreiðandi skal innheimta félagsgjald mánaðarlega.

Félagsmenn í launalausum leyfi greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun þings. Félagsgjald þetta skiptist milli félagssjóðs og annarra sjóða í sömu hlutföllum og þau gjöld sem KÍ móttekur vegna annarra félagsmanna. Hver einstaklingur er sjálfur ábyrgur fyrir greiðslu félagsgjalds í þessu tilfalli.

Lífeyrisþegar greiða ekki félagsgjald nema þeir haldi áfram störfum á föstum mánaðarlaunum.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

### KJÖRGENGI OG TRÚNAÐARSTÖRF

#### 7. gr.

Þeir félagsmenn sem greiða félagsgjöld til Kennarasambands Íslands teljast virkir félagsmenn.

Einungis virkir félagsmenn geta boðið sig fram, verið skipaðir og tekið að sér trúnaðarstörf fyrir Kennarasamband Íslands, aðildarfélög þess, sjóði, nefndir og ráð að undanskildum trúnaðarstörfum fyrir FKE.

Verði lengra en þriggja mánaða rof á greiðslu félagsgjalds félagsmanns til Kennarasambands Íslands leiðir það sjálfkrafa til þess að félagsmaðurinn er leystur frá öllum trúnaðarstörfum fyrir Kennarasamband Íslands, aðildarfélög þess, sjóði, nefndir og ráð að undanskildum trúnaðarstörfum fyrir FKE. Stjórn KÍ er þó heimilt að veita tímabundna undanþágu að hámarki 6 mánuði til áframhaldandi trúnaðarstarfa þrátt fyrir að félagsmaður sé ekki virkur félagsmaður.

Grein þessi á ekki við um starfsmenn sem hafa verið ráðnir til starfa hjá KÍ eða aðildarfélögum þess.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



## III. KAFLI SKIPULAG

### FÉLÖG

#### 8. gr.

Aðild að KÍ eiga þau félög sem talin eru upp í 1. gr.

Heimilt er að stofna ný aðildarfélög innan KÍ ef aðrir hópar óska eftir aðild að sambandinu. Samþykkt þings þarf fyrir aðild nýs félags.

### HLUTVERK AÐILDARFÉLAGA

#### 9. gr.

Hlutverk aðildarféлага er að:

1. Fara með kjaraleg og fagleg málefni viðkomandi félagsmanna sem starfa við kennslu, stjórnun eða ráðgjöf í skólum eða vinna við stofnanir og fyrirtæki sem tengjast kennslu- og fræðslumálum, sbr. 3. gr.,
2. gera kjarasamninga fyrir félagsmenn sína,
3. halda fundi og námskeið fyrir trúnaðarmenn,
4. skipa í stjórnir sjóða og nefndir KÍ í samræmi við lög þessi,
5. sjá um kjör fulltrúa á þing KÍ,
6. efla faglega umræðu meðal félagsmanna sinna.

### SKIPULAG AÐILDARFÉLAGA

#### 10. gr.

Hvert aðildarfélag setur sér lög og kýs stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd. Stjórnir aðildarféлага skulu skipaðar allt að sjö manns, með formanni. Kosning skal fara fram í samræmi við lög hvers félags og heimilt er að hafa þær rafrænar. Aðildarfélög skulu senda stjórn KÍ afrit af lögum sínum til samþykktar innan fjögurra vikna frá aðalfundi. Stjórn KÍ skal ganga úr skugga um að lög félags brjóti ekki í bága við lög KÍ. Stangist lög aðildarfélags á við lög KÍ gilda lög KÍ. Breytingar á lögum aðildarféлага öðlast ekki gildi nema með samþykki stjórnar KÍ.

Í lögum aðildarféлага KÍ skal kveðið á um skipulag deilda og svæðaféлага.

Formenn aðildarféлага KÍ hafa yfirumsjón með rekstri þeirra og bera ábyrgð á öllum málaflokkum, þar með talið fræðslu- og endurmenntunarsjóðum og starfi í skóla- og kjaramálum. Þeir fara hver um sig með umboð sambandsins gagnvart undirbúningi, gerð og undirritun viðræðuáætlana, kjarasamninga og um önnur mál er tengjast samningasviðinu.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### SAMNINGANEFNDIR AÐILDARFÉLAGA

#### 11. gr.

Stjórn aðildarfélags er jafnframt samninganefnd og formaður aðildarfélags er formaður samninganefndar. Hvert aðildarfélag hefur val um að kjósa allt að fimm fulltrúa sem ásamt stjórn félagsins mynda samninganefnd. Kosning skal fara fram í samræmi við lög hvers félags.

Samninganefnd hvers aðildarfélags fer með gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, sbr. lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Samninganefndin skiptir með sér verkum.

Hlutverk samninganefnda er:

1. Að ganga frá markmiðum og áherslum í samningsgerð og endanlegri kröfugerð,
2. að annast gerð kjarasamninga,
3. að taka ákvörðun um hvort efna skuli til atkvæðagreiðslu um verkfall,
4. að taka ákvörðun um hvort undirrita eigi kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna og hvort fresta skuli verkfalli.

Formaður aðildarfélags í umboði KÍ ber ábyrgð á undirritun kjarasamninga fyrir sína félagsmenn og gerð og undirritun viðræðuáætlana vegna endurnýjunar þeirra sbr. einnig 10. gr. í lögum KÍ.

Formaður eða varaformaður KÍ starfar með samninganefnd aðildarfélags ef stjórn viðkomandi félags óskar.

Allur kostnaður vegna samninganefnda aðildarfélaga greiðist af viðkomandi félagi.

### SKÓLAMÁLANEFNDIR AÐILDARFÉLAGA

#### 12. gr.

Á vegum aðildarfélaga starfa allt að sjö manna skólamálanefndir sem sinna faglegum málefnum fyrir félagsmenn þeirra. Aðildarfélögum er heimilt að fela stjórn félagsins að fara með þennan málaflokk og skulu þá gera einn stjórnarmann ábyrgan fyrir honum.

Hlutverk skólamálanefnda er:

1. Að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn og skólamálaráð KÍ,
2. að vinna að eflingu kennaramenntunar og símenntunar/starfsþróunar félagsmanna,
3. að annast tengsl við kennslu- og faggreinafélög.

Allur kostnaður vegna skólamálanefndar aðildarfélags greiðist af viðkomandi félagi.


### AÐALFUNDIR AÐILDARFÉLAGA

#### 13. gr.

Aðalfundir aðildarfélaga skulu haldnir fjórða hvert ár í tengslum við þing Kennarasambands Íslands. Ekki skulu líða meira en sex mánuðir milli þings KÍ og aðalfundar félags.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



Á reglulegum aðalfundi skulu m.a. tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla fráfarandi stjórnar og reikningar,
2. kosning/lýst kjöri nýrrar stjórnar,
3. kosning í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður félagsins skv. lögum þess eða ákvörðun aðalfundar,
4. lagabreytingar,
5. önnur mál.

Stjórnnum aðildarfélaga er heimilt að boða til aukaaðalfunda um tiltekin efni. Boða skal til aukaaðalfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara þar sem tilefni fundarins kemur fram. Fundargögn skulu send út með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara. Aukaaðalfundur fjallar um tiltekin afmörkuð mál og hafa ákvarðanir aukaaðalfunda um slík málefni sama gildi og ákvarðanir reglulegra aðalfunda.

Skylt er að boða til aukaaðalfundar, svo fljótt sem auðið er, ef þriðjungur félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Kostnaður vegna aðalfunda og aukaaðalfunda aðildarfélaga greiðist af viðkomandi félagi.

## ÁRSFUNDIR AÐILDARFÉLAGA

### 14. gr.

Þau ár, sem ekki er haldinn aðalfundur, skulu stjórnir aðildarfélaga boða til ársfundar skv. lögum hvers félags. Á ársfundi er m.a. fjallað um starfsemi félagsins og starfsáætlun auk þess sem reikningar eru lagðir fram til kynningar.

Kostnaður vegna ársfunda aðildarfélaga greiðist af viðkomandi félagi.

## SAMSTARF MILLI SVÆÐAFÉLAGA/DEILDA Í KÍ OG SÉRSTAKIR STYRKIR

### 15. gr.

Þing KÍ skal ákvarða hverju sinni hvort veita skuli sérstöku fjármagni til að styrkja starfsemi/samstarf svæðafélaga/deilda aðildarfélaga innan KÍ. Ákveði þing sérstaka fjárveitingu í þessu skyni geta stjórnir svæðafélaga/deilda sótt um styrk til stjórnar KÍ. Styrkumsókn skulu fylgja reikningar svæðafélags/deildar ásamt umsögn aðildarfélags. Stjórn KÍ skal setja nánari reglur um styrkveitingar samkvæmt þessari grein og skulu reglurnar kynntar fyrir stjórnnum svæðafélaga/deilda.

Styrkir samkvæmt þessari grein skulu einungis veittir til að styrkja félagsstarf/samstarf svæðafélaga/deilda. Óheimilt er að veita fé samkvæmt þessari grein til að styrkja einstaklinga eða til að greiða kostnað af símenntun/starfsþróun.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### TRÚNAÐARMENN

#### 16. gr.

Stjórn Kennarasambands Íslands hlutast til um að á hverjum vinnustað sé kjörinn trúnaðarmaður þar sem félagsmenn þess starfa, sbr. lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Stjórnir aðildarféлага skulu halda fundi og námskeið með trúnaðarmönnum svo oft sem þurfa þykir. Stjórn KÍ skipuleggur fræðslu fyrir trúnaðarmenn um mikilvæg réttinda- og hagsmunamál með það að markmiði að auka samstarf aðildarféлага KÍ.

Trúnaðarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn og skal stjórn viðkomandi aðildarfélags og forstöðumanni stofnunar tilkynnt skriflega um kjör hans. Hverfi trúnaðarmaður úr starfi í viðkomandi skóla eða stofnun áður en kjörtímabili hans lýkur skal kjósa trúnaðarmann í hans stað til tveggja ára.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



## IV. KAFLI ÞING OG ÁRSFUNDIR KÍ

### UM BOÐUN, TÍÐNI OG VALD ÞINGA

#### 17. gr.

Þing hefur æðsta vald í málum Kennarasambands Íslands, sbr. þó 35. gr. Halda skal þing KÍ fjórða hvert ár.

Á þinginu eiga sæti með atkvæðisrétti stjórn KÍ, varaformenn aðildarfélaga og einn fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu sem umfram kann að vera. Skulu þeir kosnir af aðildarfélögum, skv. reglum þeirra og er kjörtímabil þeirra milli reglulegra þinga. Auk þess skal Félag kennara á eftirlaunum tilnefna fimm fulltrúa á þingið.

Formenn Orlofssjóðs, Sjúkrasjóðs, Vinnudeilusjóðs, kjörstjórnar, framboðsnefndar, jafnréttisnefndar, vinnuumhverfisnefndar, siðaráðs og formenn annarra starfandi nefnda á vegum KÍ sem skipaðar eru samkvæmt ákvörðun þings svo og formenn skólamálanefnda aðildarfélaga skulu eiga seturétt á þingi með málfrelsi og tillögurétti. Hið sama gildir um starfsmenn KÍ.

Stjórn ákveður fundarstað og fundartíma. Þing skal boðað með a.m.k. 10 vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á þingi þurfa að berast stjórn eigi síðar en 6 vikum fyrir þing, sbr. þó ákvæði 36. gr. um lagabreytingar. Þinggögn skulu send út með þriggja vikna fyrirvara. Félagsmenn eiga rétt á að sækja þing til áheyrnar.

Heimilt er stjórn að boða til aukapings um sérstök mikilvæg málefni. Skal aukaping boðað með dagskrá með fjögurra vikna fyrirvara.

Kostnaður vegna þings KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

### DAGSKRÁ

#### 18. gr.

Á dagskrá þings skulu a.m.k. vera eftirtaldir dagskrárliðir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi KÍ.
2. Skýrsla stjórnar um fjárreiður KÍ og lagðir fram endurskoðaðir reikningar til afgreiðslu.
3. Skýrslur um starfsemi sjóða og starfandi nefnda.
4. Tillögur til lagabreytinga, sbr. 36. gr.
5. Stefnuskrá KÍ í félags-, skóla- og kjaramálum.
6. Fjárhagsáætlun fyrir næsta kjörtímabil.
7. Ákvörðun um félagsgjald fyrir næsta kjörtímabil, sbr. 6. gr.
8. Lýst kjöri formanns og varaformanns KÍ.
9. Önnur mál.



## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### ÁRSFUNDIR

#### 19. gr.

Þau ár sem ekki er haldið þing KÍ, skal stjórn boða til ársfundar Kennarasambands Íslands. Á ársfundi eiga seturétt stjórn KÍ, stjórnir, skólamála- og samninganefndir aðildarféлага KÍ, ásamt formönnum nefnda sem starfa samkvæmt lögum KÍ og nefnda sem starfa samkvæmt ákvörðun þings. Þá eiga jafnframt seturétt skoðunarmenn reikninga KÍ og aðrir sem stjórn KÍ ákveður hverju sinni.

Á ársfundi skal stjórn leggja fram endurskoðaða reikninga KÍ fyrir næstliðið ár til kynningar, skýrslu yfir starfsemi sambandsins og nefnda þess. Á ársfundi skal taka fyrir málefni sem varða innra starf, skólamál, kjaramál og önnur þau mál sem efst eru á baugi að mati stjórnar hverju sinni.

Kostnaður vegna ársfunda KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### V. KAFLI STJÓRN OG STJÓRNARKJÖR KÍ

#### UM STJÓRN

##### 20. gr.

Kjörtímabil stjórnar er milli þinga.

Formaður og varaformaður skulu kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna eftirtalinna aðildarfélaga: Félags grunnskólakennara, Félags framhaldsskólakennara, Félags leikskólakennara, Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Skólastjórafélag Íslands, Félags stjórnenda í framhaldsskólum og Félags stjórnenda leikskóla.

Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör formanns og varaformanns skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir þing. Ef aðeins einn býður sig fram til embættis formanns og/eða varaformanns skoðast viðkomandi sjálfkjörinn. Formaður og varaformaður KÍ geta ekki jafnframt verið formenn í aðildarfélagi innan sambandsins.

Auk formanns og varaformanns sitja í stjórn KÍ formenn framangreindra aðildarfélaga KÍ.

Formaður aðildarfélags með fleiri félagsmenn en 1000 skal fara með eitt viðbótaratkvæði í stjórn. Formaður aðildarfélags með fleiri félagsmenn en 2500 skal fara með tvö viðbótaratkvæði í stjórn. Formaður aðildarfélags með fleiri félagsmenn en 5000 skal fara með þrjú viðbótaratkvæði í stjórn. Varaformenn aðildarfélaga eru varamenn í stjórn KÍ.

Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns KÍ úrslitum.

Allur kostnaður vegna stjórnarfunda KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

#### HLUTVERK FORMANNS

##### 21. gr.

Formaður KÍ er formaður stjórnar sambandsins, og hefur yfirumsjón með rekstri þess.

Varaformaður KÍ er staðgengill formanns.

#### HLUTVERK STJÓRNAR

##### 22. gr.

Stjórn KÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Það felur í sér, auk þess sem að neðan er talið, að taka ákvarðanir í stærri málum sem lúta að sjóðum og aðildarfélögum sambandsins. Stjórnin fer með framkvæmdavald í samræmi við stefnuskrá og starfsáætlun. Hún hefur ákvörðunarvald um málefni sambandsins innan marka laga þessara en lýtur þó fyrirmælum þings og ákvörðunum sem teknar eru í allsherjaratkvæðagreiðslu. Stjórnin gætir þess að lögum félagsins og samþykktum sé framfylgt.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



Stjórn KÍ ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum KÍ. Stjórn KÍ skal sjá til þess að fullnægjandi bókhald, sbr. lög um bókhald nr. 145/1994, sé til staðar fyrir alla sjóði og félög innan sambandsins. Jafnframt ber henni að sjá til þess að fullnægjandi innra eftirlit sé til staðar varðandi rekstur og fjármuni félaga og sjóða sambandsins, m.a. til að koma í veg fyrir misfærslur í bókhaldi sem stafa af skekkjum, sviksemi eða öðrum ólögumætum athöfnum.

Stjórn KÍ setur reglur um launakjör og þóknanir, sbr. 25. gr.

Stjórn KÍ skipar tvo skoðunarmenn reikninga KÍ sem valdir eru með hlutkesti úr hópi þeirra fulltrúa sem aðildarfélögin tilnefna.

Stjórn KÍ setur stjórnnum, nefndum og ráðum KÍ erindisbréf um störf sín.

Stjórn KÍ fylgir því eftir að kjarasamningar séu haldnir og að réttindi félagsmanna séu virt í hvívetna.

Hlutverk stjórnar KÍ í kjaramálum er að:

1. fjalla um kjara- og réttindamál og álykta um þau eftir þörfum,
2. móta og túlka kjarastefnu KÍ og styrkja tengsl milli félaganna á kjarasviðinu, m.a. með því að kalla samninganefndir aðildarfélaganna saman eftir þörfum,
3. fjalla um, kynna og framfylgja stefnu KÍ í kjara- og réttindamálum sem varða alla félagsmenn KÍ eða sem aðildarfélög hafa falið stjórn að fara með fyrir sína hönd,
4. fylgjast með efnahags- og kjaramálum, afla gagna og upplýsinga og sjá um að þau séu aðgengileg á hverjum tíma,
5. undirbúa kjaramálaráðstefnu, fræðslufundi eða námskeið um kjara- og samningamál eftir því sem við á hverju sinni.

## VERKASKIPTING OG STARFSHÆTTIR

### 23. gr.

Stjórn KÍ setur sér verklagsreglur í upphafi kjörtímabilsins og skiptir með sér verkum samkvæmt þeim. Láti formaður eða varaformaður KÍ af embætti á kjörtímabilinu skal í allsherjaratkvæðagreiðslu kjósa nýja í þeirra stað.

Stjórn KÍ skal halda fundi svo oft sem þörf krefur. Í forföllum aðalmanna skal boða varamenn. Formaður stýrir stjórnarfundum og annast dagskrá þeirra. Einfaldan meirihluta þarf til að ákvarðanir stjórnarfunda séu lögmæt, sbr. þó næstsíðustu málsgrein 20. gr. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 2/3 hlutar stjórnarmanna eru á fundi enda hafi fundurinn verið boðaður í tæka tíð.

## FUNDARGERÐIR

### 24. gr.

Ritari er ábyrgur fyrir ritun fundargerða og skulu þær bornar upp til samþykktar eigi síðar en á

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



næsta stjórnarfundu. Dagskrá stjórnarfunda og fundargerðir þeirra að öðru leyti en því sem skráð er í trúnaðarbók skulu birtar á vef KÍ svo fljótt sem auðið er.

### LAUN OG ÞÓKNANIR

#### 25. gr.

Allar launagreiðslur og þóknanir á vegum KÍ, aðildarfélaga þess og sjóða skulu vera í samræmi við reglur sem stjórn KÍ setur.

### EIGNAVARSLA

#### 26. gr.

KÍ skal semja við viðurkenndar fjármálastofnanir um vörslu og ávöxtun fjármuna KÍ, Orlofssjóðs KÍ, Sjúkrasjóðs KÍ og Vinnudeilusjóðs KÍ. Miða skal við að fjármunir séu ávaxtaðir á innlánsreikningum, í skuldabréfum eða hlutabréfum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnar KÍ.


Starfandi skal vera fjárvörsluráð innan KÍ. Hlutverk fjárvörsluráðs er að móta stefnu um ávöxtun fjármuna KÍ og sjóða, fylgjast með þróun peningamála og móta tillögur um ávöxtunarleiðir. Í ráðinu eiga sæti formaður KÍ, varaformaður KÍ, gjaldkeri KÍ, skrifstofustjóri KÍ, hagfræðingur KÍ, og formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ.

Heimilt er að stofna sérsjóði innan KÍ. Skal það gert með reglugerð fyrir hvern sjóð er þing samþykkir.

Ráðið skal fá til umfjöllunar og endurskoðunar fjárhagsáætlun KÍ þau ár sem ekki er þing. Ráðið skilar tillögum um breytingar á fjárhagsáætlun til stjórnar KÍ fyrir fund hennar í desember.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### VI. KAFLI FASTANEFNDIR

#### FRAMBOÐSNEFND

##### 27. gr.

Framboðsnefnd skal skipuð sjö manns, einum frá hverju aðildarfélagi KÍ og jafn mörgum til vara. Skipunartími framboðsnefndar er milli reglulegra þinga. Stjórnir aðildarfélaga KÍ skipa í framboðsnefnd. Á fyrsta fundi skiptir nefndin með sér verkum.

Hlutverk framboðsnefndar er að auglýsa eftir frambjóðendum til formanns og varaformanns KÍ. Nefndin skal tryggja framboð til formanns og varaformanns sem kosnir eru í allsherjaratkvæðagreiðslu í samræmi við lög þessi.

Við vinnu sína skal framboðsnefnd hafa til hliðsjónar jafnréttisstefnu KÍ.

Stjórn KÍ kallar nefndina saman í síðasta lagi ári fyrir þing.

Framboðsnefnd starfar eftir sérstökum reglum sem stjórn KÍ setur hverju sinni. Framboðsnefnd skilar lista með nöfnum frambjóðenda í kjöri formanns og varaformanns eigi síðar en 10 vikum fyrir þing til kjörstjórnar KÍ.

Nefndinni er skylt að kynna alla frambjóðendur KÍ með hæfilegum fyrirvara fyrir kosningar.

Allur kostnaður vegna framboðsnefndar KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

#### KJÖRSTJÓRN

##### 28. gr.

Stjórn KÍ skipar 3 menn og 2 til vara í kjörstjórn sem starfar milli þinga úr hópi þeirra fulltrúa sem aðildarfélögin tilnefna. Skipunartími kjörstjórnar er milli reglulegra þinga.

Hlutverk kjörstjórnar er:

1. Að stýra kosningu formanns og varaformanns.
2. Að hafa yfirumsjón með fulltrúakjöri fyrir þing KÍ.
3. Að undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun og kjarasamninga, skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum nr. 38/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
4. Að undirbúa og stjórna öðrum atkvæðagreiðslum sem kveður á um í lögum KÍ eða sambandsstjórn felur kjörstjórn sérstaklega.

Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslu, kjörskrárkærur, vafaatkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp kunna að koma í atkvæðagreiðslum sem hún sér um.

Allur kostnaður vegna starfa kjörstjórnar KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### SKÓLAMÁLARÁÐ

#### 29. gr.

Skólamálanefndir aðildarféлага mynda skólamálaráð ásamt formanni/varaformanni KÍ sem jafnframt er formaður skólamálaráðs. Skipunartími skólamálaráðs er milli reglulegra þinga.

Skólamálaráð heldur a.m.k. einn fund á ári. Formenn skólamálanefnda aðildarféлага og formaður skólamálaráðs mynda framkvæmdastjórn.

Hlutverk skólamálaráðs er:

1. Að fjalla um uppeldis- og skólamál á hverjum tíma og álykta um þau til stjórnar KÍ,
2. að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun á hverjum tíma,
3. að fara með mál sem tengjast faglegri menntun félagsmanna,
4. að annast tengsl við fagfélög og halda fundi með þeim eftir þörfum,
5. að undirbúa í samráði við stjórn KÍ ráðstefnur, fræðslufundi og námskeið um skóla- og menntamál eftir því sem við á hverjum tíma,
6. að fjalla um og túlka skólastefnu KÍ og gera tillögur um framkvæmd stefnunnar og markmið.

Allur kostnaður vegna skólamálaráðs KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

### SIÐARÁÐ

#### 30. gr.

Siðaráð skal skipað 3 til 5 fulltrúum sem stjórn KÍ skipar. Skipunartími siðaráðs er milli reglulegra þinga.

Hlutverk siðaráðs er að:

- Auka þekkingu um siðfræði og félagsleg álitamál,
- endurskoða og útfæra siðareglur reglulega og viðhalda umræðum um þær,
- kynna siðareglur og móta sameiginlegan skilning á siðareglum,
- vinna með stjórn og ráðum að því að kynna viðhorf stéttarinnar til faglegra álitamála,
- vera stjórn KÍ til ráðuneytis um álitamál sem varða siðareglur sambandsins,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur ráðinu og falla að verksviði þess.

Allur kostnaður vegna siðaráðs KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

### JAFNRÉTTISNEFND

#### 31. gr.

Jafnréttisnefnd skal skipuð 3 til 5 fulltrúum sem stjórn KÍ skipar. Skipunartími jafnréttisnefndar er milli reglulegra þinga.

Hlutverk jafnréttisnefndar er að:

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



- Vera stjórn KÍ til ráðuneytis um jafnréttismál og gera tillögur til stjórnar um aðgerðir í jafnréttismálum,
- endurskoða og þróa jafnréttisstefnu KÍ reglulega,
- vinna umsagnir um frumvörp og önnur erindi þar sem óskað er eftir álitum KÍ um jafnréttismál,
- hafa forgöngu um samstarf við jafnréttisnefndir annarra launþegasamtaka,
- annast verkefni sem tengjast aðkomu KÍ að viðburðum sem tengjast jafnréttismálum,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Allur kostnaður vegna jafnréttisnefndar KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

### VINNUMHVERFISNEFND

#### 32. gr.

Vinnuumhverfisnefnd skal skipuð 3 til 5 fulltrúum sem stjórn KÍ skipar. Skipunartími vinnuumhverfisnefndar er milli reglulegra þinga.

Hlutverk vinnuumhverfisnefndar er að:

- Endurskoða og þróa stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum,
- skipuleggja og standa fyrir árlegum þemadegi um vinnuumhverfismál félagsmanna,
- skipuleggja ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna um vinnuumhverfismál, sálfélagslega álagspætti í vinnuumhverfinu og samskipti á vinnustað,
- annast tilfallandi verkefni sem stjórn KÍ felur nefndinni og falla að verksviði hennar.

Allur kostnaður vegna Vinnuumhverfisnefndar KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

### FRÆÐSLUNEFND

#### 33. gr.

Fræðslunefnd skal skipuð sex manns, einum fulltrúa frá KÍ, einum fulltrúa frá félögum kennara í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum og einum sameiginlegum fulltrúa stjórnendafélaga KÍ. Skipunartími fræðslunefndar er milli reglulegra þinga. Stjórnir aðildarfélaga KÍ skipa fulltrúa sína í fræðslunefnd.

Hlutverk fræðslunefndar er að gera tillögur um, skipuleggja og halda fræðslu á vegum KÍ fyrir trúnaðarmenn, forystusveit KÍ og aðildarfélaga, félagsmenn og aðra hópa. Fræðsla er skipulögð í samráði við stjórn, nefndir og ráð KÍ og formenn svæðafélaga/-deilda.

Allur kostnaður vegna fræðslunefndar KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### VII. KAFLI

#### ALMENNIR FUNDIR OG ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLUR

##### ALMENNIR FUNDIR

###### 34. gr.

Stjórn KÍ getur boðað til almennra félagsfunda. Skylt er að boða til almenns fundar ef 10% virkra félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

##### ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJARASAMNINGA, BOÐUN VERK FALLS O.FL.


###### 35. gr.

Um kjarasamninga og boðun verkfalls skal fara fram leynileg, almenn atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna sem samningurinn nær til, samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eftir því sem við á. Kjörskrá skal miða við gildandi félagatal KÍ. Þeir sem sannanlega greiða félagsgjald til KÍ en eru ekki komnir á félagaskrá eiga rétt á að taka þátt í allsherjaratkvæðagreiðslu hverju sinni. Stjórn KÍ getur efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu um önnur mikilvæg málefni sem eigi falla sérstaklega undir þing.



## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### VIII. KAFLI LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

#### LAGABREYTINGAR

##### 36. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á þingi KÍ og þarf breytingin að hljóta 2/3 greiddra atkvæða til þess að öðlast gildi.

Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn 8 vikum fyrir þing og skulu þær kynntar þingfulltrúum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

#### GILDISTAKA

##### 37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

##### I.

Boða skal til aukabings árið 2020 sem hefur heimild til lagabreytinga sem geta öðlast gildi skv. ákvörðun aukabingsins.

Boða skal til aukabingsins a.m.k. 10 vikum fyrir aukabingið. Tillögur um lagabreytingar á því aukabingi þurfa að hafa borist stjórn KÍ 8 vikum fyrir aukabingið og skulu þær kynntar þingfulltrúum eigi síðar en þremur vikum fyrir aukabingið.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021.

Þannig samþykkt á 7. þingi KÍ í apríl 2018.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



## REGLUR FYRIR ORLOFSSJÓÐ KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

### 1. NAFN OG LÖGHEIMILI

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Kennarasambands Íslands og er eign þess. Lögheimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. TILGANGUR SJÓÐSINS

Tilgangur sjóðsins og hlutverk sjóðstjórnar er:

1. að kaupa orlofsheimili einn sér eða ásamt öðrum, fjármagna byggingu þeirra og annast viðhald og rekstur á þeim hluta er heyrir undir sjóðinn. Fjárfesting og eignasala, annað en eðlilegt viðhald eigna, er þó ekki heimil nema að fengnu samþykki stjórnar KÍ,
2. að taka á leigu orlofshús og endurleigja félagsmönnum eftir því sem þurfa þykir,
3. að annast úthlutun orlofshúsa KÍ skv. reglum sem stjórnin setur sér. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu stjórnar KÍ,
4. að semja um orlofsferðir fyrir félagsmenn KÍ innanlands sem utan.

### 3. TEKJUR

Tekjur sjóðsins eru sérstakt gjald sem vinnuveitendur greiða í orlofssjóð vegna félagsmanna í KÍ, vaxtatekjur svo og tekjur af rekstri orlofsheimila og ferðapjónustu.

### 4. STJÓRN

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn og sjö til vara. Stjórn hvers aðildarfélags KÍ tilnefnir, skv. reglum hvers aðildarfélags, einn aðalmann og einn varamann. Stjórn KÍ staðfestir tilnefningar aðildarfélaga. Stjórnin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns úrslitum. Hlutverk sjóðstjórnar er að framfylgja því sem fram kemur í 2. gr. um tilgang sjóðsins. Skrifstofa KÍ sér um þjónustu fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi.

### 5. KOSTNAÐUR AF STARFI STJÓRNAR OG STARFSEMI SJÓÐSINS

Allur kostnaður af starfi stjórnar og starfsemi sjóðsins greiðist úr Orlofssjóði svo og sú þjónusta sem skrifstofa KÍ veitir skv. samkomulagi við stjórn KÍ.

### 6. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum KÍ. Þeir skulu endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins svo og löggiltum endurskoðendum. Kostnaður við endurskoðun greiðist af orlofssjóði.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### 7. BREYTINGAR Á REGLUM SJÓÐSINS

Reglum þessum má aðeins breyta á þingi Kennarasambands Íslands og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingu væri að ræða.

### 8. SJÓÐURINN LAGÐUR NIÐUR

Verði sjóðurinn lagður niður færast eignir sjóðsins í félagssjóð KÍ eftir að skuldbindingar hans hafa verið gerðar upp.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



## REGLUR FYRIR SJÚKRASJÓÐ KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

### 1. NAFN OG LÖGHEIMILI

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands og er eign þess. Lögheimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. HLUTVERK

Hlutverk sjóðsins er:

1. að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla,
2. að styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma,
3. að styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Nánar skal kveðið á um greiðslur úr sjóðnum í úthlutunarreglum sem sjóðstjórn setur og skulu þær endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega. Úthlutunarreglur skulu hljóta staðfestingu stjórnar KÍ.

### 3. TEKJUR OG GREIÐSLUR

Tekjur Sjúkrasjóðs eru samningsbundin framlög vinnuveitenda félagsmanna í Kennarasambandi Íslands, svo og vaxtatekjur. Sjóðfélagar teljast þeir sem greitt er fyrir í sjóðinn.

### 4. STJÓRN

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn og sjö til vara. Stjórn hvers aðildarfélags KÍ tilnefni, skv. reglum hvers aðildarfélags, einn aðalmann og einn varamann. Stjórn KÍ staðfestir tilnefningar aðildarfélaga. Stjórnin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns úrslitum. Hlutverk sjóðstjórnar er að framfylgja því sem fram kemur í 2. gr. um tilgang sjóðsins. Skrifstofa KÍ sér um þjónustu fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi.

### 5. FJÁRHAGUR OG REIKNINGAR

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag. Kostnaður af starfi stjórnar og rekstri sjóðsins greiðist úr Sjúkrasjóði. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum KÍ, endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum reikninga svo og löggiltum endurskoðanda.

### 6. ÁVÖXTUN

Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### 7. LAUSN FRÁ GREIÐSLUSKYLDUM

Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð dagpeninga og styrkja ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

### 8. SJÓÐURINN LAGÐUR NIÐUR


Verði sjóðurinn lagður niður færast eignir sjóðsins í félagssjóð KÍ.

### 9. BREYTINGAR Á REGLUM SJÓÐSINS

Reglum þessum má einungis breyta á þingi KÍ og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

# 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



## REGLUR FYRIR VINNUDEILUSJÓÐ KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

### 1. NAFN OG LÖGHEIMILI

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður Kennarasambands Íslands og er eign þess. Lögheimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. TILGANGUR

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn þegar þeir eiga í vinnudeilum og greiða kostnað við vinnudeilur. Sjóðnum er heimilt að taka þátt í lögfræðikostnaði sem hlýst af ágreiningi um túlkun og framkvæmd kjarasamninga eða um sérkjör félagsmanna skv. reglum sem sjóðstjórn setur. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu stjórnar KÍ. Heimilt er sjóðstjórn, með samþykki stjórnar KÍ, að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í vinnudeilum.

### 3. TEKJUR

Tekjur sjóðsins eru iðgjöld sem ákvarðast og greiðast á sama hátt og félagsgjald. Einnig fjáröflun sjóðsins og framlög frá öðrum stéttarfélögum eða öðrum aðilum.

### 4. STJÓRN

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn og sjö til vara. Stjórn hvers aðildarfélags KÍ tilnefnir, skv. reglum hvers aðildarfélags, einn aðalmann og einn varamann. Stjórn KÍ staðfestir tilnefningar aðildarféлага. Stjórnin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns úrslitum.

Hlutverk sjóðstjórnar er að framfylgja því sem fram kemur í 2. gr. um tilgang sjóðsins. Skrifstofa KÍ sér um þjónustu fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi.

### 5. FJÁRHAGUR OG REIKNINGAR

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag. Kostnaður af starfi stjórnar og rekstri sjóðsins greiðist úr Vinnudeilusjóði. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum KÍ, endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum reikninga svo og löggiltum endurskoðanda.

### 6. GREIÐSLUR ÚR SJÓÐNUM

Félagsmenn sem greiða iðgjald til sjóðsins og verða fyrir tekjumissi eiga rétt á greiðslu úr honum í vinnudeilum. Stjórn sjóðsins skal meta hverju sinni hversu háa styrki skal veita, hvenær styrkgreiðsla skal hefjast, greiðslutímabil og önnur skilyrði. Stjórninni er heimilt að breyta upphæð styrks síðar ef hún telur ástæður og nauðsyn bera til. Meginreglur um úthlutun úr sjóðnum skulu hljóta samþykki stjórnar KÍ. Úthlutunarreglur sjóðsins skulu kynntar fyrir félagsmönnum eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

## 7. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

10.-13. apríl 2018



### 7. LÁNTÖKUR

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán til að auka ráðstöfunarfé sjóðsins. Lántaka er háð samþykki stjórnar Kennarasambands Íslands.

### 8. ÁVÖXTUN

Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.

### 9. SJÓÐURINN LAGÐUR NIÐUR

Hætti sjóðurinn störfum og verði lagður niður færast eignir sjóðsins í félagssjóð KÍ.

### 10. BREYTING Á REGLUM SJÓÐSINS

Reglum þessum má einungis breyta á þingi KÍ og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.